

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjóð Margrjetar Lehmann-Filhés **83**
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 17. júní 1912. 17. júní
 Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Sjóð Margrjetar Lehmann-Filhés.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt erfðaskrá frk. Margarete Lehmann-Filhes í Berlin, er andaðist 17. ágúst 1911, af stofnfje að upphæð 5000 kr., er hún ánafnaði deild hins íslenska Bókmentafjelags í Kaupmannahöfn eftir sinn dag, og heitir: Sjóður Margrjetar Lehmann-Filhés.

2. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal árlega leggja $\frac{1}{4}$ — einn fjórða hluta — við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu hlutum — skal verja til að gefa út fyrir nýjar ritgerðir um íslenska þjóðfræði, þjóðsögur, venjur, lifnaðarhætti alþýðu, heimilisíðnað o. fl. þess kyns, eður og eldri, áður óprentuð, rit og kvæði, sem hafa þýðingu í þeim efnum.

3. gr.

Sjóðurinn liggur undir sjórn hins íslenska Bókmentafjelags í Reykjavík. Hún sjer um, að sjóðurinn sje ávaxtaður á tryggum vaxtastöðum, svo sem í Söfnunarsjóði Íslands eða í tryggilegum bankavaxtabrjefum eða verðbrjefum, eftir sömu reglum sem ómyndugrafje, og birtir árlega endurskoðaðan reikning sjóðsins í Stjórnartíðindunum og með Skýrslum og reikningum Bókmentafjelagsins. Stjórn Bókmentafjelagsins annast og um útgáfu rita samkvæmt 2. gr. fyrir þann hluta vaxtanna, sem til þess er ætlaður.

4. gr.

Stjórn Bókmentafjelagsins skal leita konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Eg er ofanritaðri skipulagsskrá samþykkur.

Frederiksberg, 6. mars 1912.

Þorv. Thoroddsen.